

## REGLUR

### Múlaþings um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

#### 1. gr.

##### *Lagagrundvöllur.*

Reglur þessar byggja á 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og taka mið af leiðbeinandi reglum félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Aksturþjónusta fatlaðs fólks er ætluð þeim sem uppfylla það skilyrði að fötlun þeirra falli að skilgreiningu 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

#### 2. gr.

##### *Markmið.*

Markmið akstursþjónustu Múlaþings er að gera þeim, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki, kleift að stunda atvinnu, nám, leita sér lækninga, hæfingar og njóta tómstunda. Haft er að leiðarljósi að styðja fatlað fólk til þátttöku í samfélaginu eins og kostur er hverju sinni.

#### 3. gr.

##### *Umsóknir.*

Sótt er um akstursþjónustu rafrænt á mínum síðum hjá Múlaþingi eða á tilteknum eyðublöðum á skrifstofum sveitarfélagsins. Með umsókn skal fylgja staðfesting á fötlun.

Umsókn um akstursþjónustu er afgreidd á meðferðarfundi félagsþjónustu. Lagt er mat á umsókn, umfang þjónustu ákveðið ásamt tímalengd hennar.

Umsókn er svarað skriflega innan tveggja vikna frá því að hún berst. Í umsókn skulu koma fram almennar upplýsingar um umsækjanda, s.s. fötlun, óskir um fjölda ferða og í hvaða tilgangi þær eru farnar.

#### 4. gr.

##### *Akstursþjónusta fyrir börn.*

Forsjáaraðilar fatlaðra barna geta sótt um akstur samkvæmt reglum þessum fyrir börn, t.d. vegna tómstunda, læknisferða, sjúkraþjálfunar eða til að rjúfa félagslega einangrun. Barn yngra en sex ára skal ávallt vera í fylgd með fullorðnum einstaklingi þegar ferðast er með akstursþjónustu fatlaðs fólks. Þurfi barn bílstól er það á ábyrgð forsjáraðila að útvega hann.

Reglur þessar taka ekki til skólaaksturs barna en um hann gilda reglur um skólaakstur.

#### 5. gr.

##### *Skilyrði fyrir þjónustu.*

Skilyrði fyrir þjónustu samkvæmt reglum þessum eru:

Að notandi eigi lögheimili á þjónustusvæði Múlaþings.

Að notandi geti ekki komist ferða sinna með sambærilegum hætti og ófatlaðir íbúar sveitarfélagsins vegna hreyfihömlunar eða vegna annarrar langvarandi fötlunar.

Heimilt er að veita undanþágur frá þessum skilyrðum samkvæmt mati starfsfólks félagsþjónustu vegna sérstakra aðstæðna. Undanþágur eru teknar fyrir á fundum meðferðarteymis félagsþjónustu Múlaþings. Íbúar í

öðrum sveitarfélögum eiga kost á akstursþjónustu ef lögheimilissveitarfélag viðkomandi óskar eftir þjónustunni og skal samþykki lögheimilissveitarfélags liggja fyrir áður en þjónustan er veitt.

6. gr.

*Mat og framkvæmd þjónustunnar.*

Umsókn er metin með hliðsjón af getu og færni umsækjanda og möguleika hans til að nýta sér þjónustu almenningssamgangna og/eða aðra ferðamöguleika.

Félagsþjónusta Múlapings rekur bíl sem sinnir akstursþjónustu fyrir fatlað fólk frá kl. 8.00 - 16.30 virka daga í þéttbýli Egilsstaða.

Félagsþjónusta Múlapings ber ábyrgð á að allur öryggisbúnaður bifreiðar sem sinnir akstursþjónustu fatlaðs fólks sé í lagi samkvæmt leiðbeiningum sem Samgöngustofa gefur út.<sup>1</sup>

Bílstjóri ber ábyrgð á umsjón bíls sem ætlaður er til akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og að fyllsta öryggis sé gætt gagnvart farþegum. Hann starfar samkvæmt starfslýsingu bílstjóra félagsþjónustu Múlapings, siðareglum starfsmanna Múlapings og virðir þagnarskyldu sem hann skrifar undir við ráðningu. Bílstjóri skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt námskeið í skyndihjálp.

Óheimilt er að ráða starfsmann til þess að sinna akstursþjónustu við fatlað fólk sem hlotið hefur refsíðóm vegna brots á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem fjallar um kynferðisbrot. Sama gildir um refsíðóm vegna brots á 211. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga.

Starfsmaður félagsþjónustunnar skipuleggur akstursáætlun í samvinnu við bílstjóra og með þarfir notenda í huga.

Bílstjóri tekur á móti breytingum á áætluðum ferðum s.s. vegna veikinda.

Við framkvæmd þjónustunnar skal taka mið af því að farþegum sé sýnd tilhlýðileg virðing og sveigjanleiki.

<sup>1</sup> <https://www.samgongustofa.is/umferd/oryggi/oryggi-fatlads-folks/log-og-reglur-um-oryggi-fatlads-folks/>.

7. gr.

*Fjöldi ferða.*

Akstursþjónusta skal taka mið af þörfum hvers og eins. Fjöldi ferða er háður takmörkunum en við það skal miðað að þær verði ekki fleiri en 60 á mánuði. Hægt er að sækja um undanþágu frá þessu hámarki. Ferðir til og frá vinnu, skóla, hæfingu og lækninga ganga fyrir öðrum ferðum.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka.

Umsóknir um ferðir vegna afþreyingar eða tómstunda skulu metnar í samráði við umsækjanda hverju sinni.

8. gr.

*Annar akstur.*

Umsóknir um akstursþjónustu þeirra sem ekki geta nýtt sér akstursbíl, t.d. vegna búsetu í öðrum þéttbýliskjörnum eða dreifbýli, tímabundinnar dvalar í öðru sveitarfélagi eða þörf á þjónustu utan dagvinnutíma eru teknar fyrir á meðferðarfundum félagsþjónustu og metnar út frá þörfum hvers einstaklings. Leitast skal við að sýna sveigjanleika og tryggja fjölbreytt þjónustuframboð á sviði akstursþjónustu t.d. með notkun leigubíla eða með samningum við einkaaðila eða starfsmenn sveitarfélagsins.

Ekki eru gerðir samningar við einkaaðila nema leyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála liggi fyrir, samanber 28. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, eða 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

9. gr.

*Gjaldtaka.*

Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk er gjaldfrjál á dagvinnutíma og innan þéttbýlis Egilsstaða, Djúpavogs, Seyðisfjarðar og Borgarfjarðar eystri. Um gjald fyrir akstursþjónustu utan dagvinnutíma og vegna akstursþjónustu í dreifbýli eða á milli þéttbýliskjarna vísast til gjaldskrár um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

10. gr.

*Málsmeðferð.*

Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, og ákvæðum XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

11. gr.

*Samvinna við umsækjanda.*

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsókna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti við umboðsmann hans.

12. gr.

*Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.*

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans skv. stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

13. gr.

*Leiðbeiningar til umsækjanda.*

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður veita umsækjanda alla þá aðstoð sem hann þarf og leiðbeina um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflega erindi sem ekki snertir félagsþjónustu, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

14. gr.

*Rangar eða villandi upplýsingar.*

Ef sannreynt er við vinnslu málsins að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast meðferð umsóknarinnar og kemur hún þá ekki til afgreiðslu.

15. gr.

*Áfrýjun.*

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað samkvæmt reglum þessum getur umsækjandi áfrýjað til fjölskylduráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskylduráð skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

16. gr.

*Málskotsréttur.*

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskylduráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun fjölskylduráðs.

17. gr.

*Gildistími.*

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur Múlaþings um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, nr. 50/2022.

Samþykkt af sveitarstjórn Múlaþings 15. desember 2025.

*Múlaþingi, 16. desember 2025.*

**Dagmar Ýr Stefánsdóttir** sveitarstjóri.

---

B deild - Útgáfudagur: 7. janúar 2026